

## Opinn fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn

**haldinn 16. maí 2022 kl. 14:30 í stofu 19.**

Mættir eru: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Hrafnhildur Hjartardóttir fulltrúi foreldra, Katrín Guðnadóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Ester Hjartardóttir fulltrúi grendar samfélags, Eva Rán Ottósdóttir fulltrúi nemenda í 10.bekk, Elmar Yngvi Matthíasson fulltrúi nemenda í 10.bekk, Díana Dan Jónsdóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri. Eitt foreldri nýtti sér tækifærið til að mæta á opinn skólaráðsfund.

### 1. Skóladagatal 2022-2023

Skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Það hefur farið fyrir fundi og samþykkt hjá starfsmönnum skólans og fræðslunefnd.

### 2. Þróunarverkefni um eflingu upplýsingatækni í skólastarfi

Skólinn fékk úthlutað kr. 10.000.000 aukalega á þessu ári til þess að efla upplýsingatækni í Skólastarfi enn frekar.

Það sem hefur áunnist: 6 sjónvörp komin upp í 6. - 10. bekk. Skjávarpar með Chromecast í stofur 1.-5. bekkja ásamt náttúrufræðistofu, heimilisfræðistofu og í Bjarg.

Allir kennarar komnir með fartölvur og töskur. 12 lpadar í tónmennt.

1 lpad á hverja tvo nemendur í 1. - 5. bekk. 25 Chromebook fyrir 6. - 7. bekk. 34

Chromebook fyrir 8. - 10. bekk og fyrir yngri bekki, auk fjögurra Chromebook véla fyrir starfsmenn.

Næstu skref á þessu fjárhagsári:

Chromebook fyrir nemendur í unglingsdeild – aukin eftirspurn.

25 vélar - sem yrðu bekkjarsett fyrir 8. bekk á næsta skólaári.

Framhald á næsta ári:

- Klára að setja upp sjónvörpin í þær 11 stofur sem eftir eru
- Fleiri nemendavélar - lpadar og Chromebook
- 8.bekkur fái áfram bekkjarsett

### 3. Þróun kennsluhátta - Endurmenntun

Flestir kennarar hafa skráð sig á ráðstefnuna UTIS online í október nk., en hún verður á netinu.

- Ingvar hefur verið að bjóða upp á kennslu og aðstoð.
- Næsta vetur verðum við með verkefnastjóra í 50% starfi. Hægt að vera með aukna kennsluráðgjöf, kennslu o.fl.
- Míni menntabúðir GÍP
- Áhersla í símenntunaráætlun skólans verður á UT

Gestur fundarins spurði hvort hægt væri að kenna foreldrum að nota forrit t.d. sem mæla tölvunotkun barna. Skólastjóri segir það áhugaverða hugmynd og tilvalið samstarfsverkefni

með foreldrafélagi skólans. Skólastjóri ætlar að koma hugmyndinni á framfæri við foreldrafélagið.

#### 4. Önnur mál

- Áhrif Covid faraldurs á skólastarfið fram í mars sl.. Skólasókn nemenda hefur dalað eftir Covid. Rætt um almennan heilsukvíða og svo samfélagslega breytingu sem Covid hefur mögulega leitt af sér.
- Stofnun forvarnarteymis gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.
- Félagslíf.
- Þemadagarnir Þorpið framundan.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10  
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari.